



Alþingi
Erindi nr. P 139/1135
komudagur 12.1.2011

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 11. janúar 2011.

Efni: umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, 348. mál, þskj. 426, lþ. 139.


Með tölvubréfi dags. 16. desember 2010 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, 348. mál, þskj. 426. Óskað var eftir því að umsögn bærast fyrir 14. janúar 2011.

Jafnréttisstofa leggur til að bætt verði inn í 2. gr. frumvarpsins tilvísun til 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Jafnréttisstofa telur heppilegt að tilvísunin yrði í 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins yrði 4. mgr. Lagt er til að 3. mgr. orðist svo: *Um skipan rannsóknarnefnda fer eftir 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.*

Vel færi á því að hafa tilvísun til jafnréttislaganna í 2. gr. og væri það þá í samræmi við tilvísun til stjórnarsýslulaga í 3. gr. Tilvísanirnar til jafnréttislaga og til stjórnarsýslulaga eru til þess fallnar að tryggja samræmi milli lagabálka, og tryggja þannig að lög séu í samræmi við kröfur réttarríkisins um samræmi í lagasetningu, stöðugleika í réttarkerfinu ofl.

Virðingarfyllt

f.h. Jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur